

Reykjanesbær

Ársreikningur

2010

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ
kt. 470794-2169

Reykjanesbær

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-28

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Reykjanesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 11.798,1 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 12.096,2 milljónum króna. Rekstrartekjur a-hluta námu um 7.229,4 milljónum króna en fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 7.174,2 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 3.353,6 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 612 stöðugildum í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var hagnaður að fjárhæð um 322,5 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir tapi að fjárhæð um 775,7 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða a-hluta var hagnaður að fjárhæð um 639,7 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir tapi um 199,7 milljónum króna.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 35.292,3 milljónum króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 52.126,9 milljónum króna í árslok 2010. Heildarskuldir og skuldbindingar bæjarsjóðs námu um 28.562 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 43.374 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 6.730,3 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 8.752,8 milljónum króna í árslok 2010.

Íbúafjöldi Reykjanesbæjar í lok árs 2010 var 14.091 og var fjölgun um 10 einstaklinga frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 3. maí 2011

Árni Sigfússon
bæjarstjóri

Gunnar Þórarinnsson
forseti bæjarstjórnar

Böðvar Jónsson

Magnea Guðmundsdóttir

Friðjón Einarsson

Einar Magnússon

Guðný Kristjánsdóttir

Baldur Guðmundsson

Eysteinn Eyjólfsson

Björk Þorsteinsdóttir

Kristinn Þór Jakobsson

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Reykjaneshafnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Reykjaneshafnar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bæjarfélagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil sveitarfélaga á Íslandi.

Ábendingar

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 11 með ársreikningnum þar sem meðal annars er fjallað um óvissu um virði skuldabréfaeignar bæjarsjóðs. Einnig viljum við vekja athygli á skýringu nr. 10 þar sem fjallað er um óvissu um virði eignarhluta í hlutdeildarfélagi og mögulega lækun á uppreiknuðum leiguskuldbindingum bæjarsjóðs. Að lokum viljum við vekja athygli á skýringum nr. 27 og 28 þar sem meðal annars er fjallað um atburði eftir lok reikningsskiladags, fjárhagsstöðu og lausafjáranda bæjarsjóðs, Reykjaneshafnar og Fasteigna Reykjaneshafnar ehf. og óvissu um rekstrarhæfi vegna þess.

Reykjaneshafnar, 3. maí 2011

Deloitte hf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Helga Erla Albertsdóttir
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn bæjarsjóðs Reykjaneshafnar höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs Reykjaneshafnar fyrir árið 2010. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjaneshafnar, 3. maí 2011

Júlíus Jónsson

Vilhjálmur Skarphéðinsson

Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti		
		2010	Áætlun	2009	2010	Áætlun	2009
Rekstrartekjur	4						
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs		4.911.842	5.015.000	4.938.235	4.865.110	5.015.000	4.908.398
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga		984.037	950.000	899.294	984.037	950.000	899.294
Þjónustutekjur		1.225.429	1.124.525	1.006.430	5.615.029	5.845.305	3.400.362
Eignatekjur		26.677	9.660	34.885	242.401	210.885	250.577
Söluhagnaður fastafjármuna		81.438	75.000	70.646	91.570	75.000	121.652
		7.229.424	7.174.185	6.949.490	11.798.147	12.096.190	9.580.283
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	3.274.706	3.319.759	3.192.731	3.353.650	3.397.189	3.266.711
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2,17	86.307	150.000	154.395	102.958	151.400	147.501
Vöru- og þjónustukaup		2.304.008	2.368.499	3.475.990	5.025.257	5.272.210	5.047.609
Styrkir og framlög		1.213.410	1.192.829	1.238.248	1.213.410	1.192.829	1.238.248
		6.878.431	7.031.087	8.061.364	9.695.274	10.013.628	9.700.069
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		350.993	143.098	(1.111.874)	2.102.872	2.082.562	(119.786)
Afskriftir	8,9	278.299	265.089	77.553	936.266	920.990	445.874
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		72.694	(121.991)	(1.189.427)	1.166.606	1.161.572	(565.660)
Tekjur af hlutdeildarfélögum		0	0	0	0	0	197.437
Fjármunatekjur	6	694.677	703.000	758.403	688.198	748.600	706.527
Fjármagnsgjöld	6	(127.657)	(780.758)	(2.961.397)	(1.294.995)	(2.534.181)	(4.305.857)
Söluhagnaður hlutabréfa		0	0	11.077.064	0	0	10.286.541
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		639.714	(199.749)	7.684.643	559.810	(624.009)	6.318.988
Tekjuskattur		0	0	0	(130.454)	(60.300)	(73.944)
Rekstrarniðurstaða fyrir hlutdeild minnihluta		639.714	(199.749)	7.684.643	429.356	(684.309)	6.245.044
Hlutdeild minnihluta		0	0	0	(106.836)	(91.342)	70.250
Rekstrarniðurstaða		639.714	(199.749)	7.684.643	322.521	(775.651)	6.315.294

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti		
		31.12.2010	01.01.2010	31.12.2009	31.12.2010	01.01.2010	31.12.2009
Fastafjármunir							
Varanlegir rekstrarfjármunir							
Leigðar eignir	8	9.154.212	9.255.735	0	9.154.212	9.255.735	0
Fasteignir og byggingarland	8	3.951.206	4.308.932	1.445.005	8.191.294	8.548.454	4.157.958
Götur og veitukerfi	8	2.280.846	2.041.802	2.041.802	18.722.210	18.347.484	18.347.484
Hafnarmannvirki	8	0	0	0	2.277.935	2.175.930	2.175.930
Tæki, bifreiðar og lóðsbátur	8	30.892	31.617	31.617	77.442	72.229	72.229
		<u>15.417.156</u>	<u>15.638.085</u>	<u>3.518.423</u>	<u>38.423.092</u>	<u>38.399.832</u>	<u>24.753.601</u>
Óefnislegar eignir							
Óefnislegar eignir	9	0	0	0	546.306	562.861	562.861
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>546.306</u>	<u>562.861</u>	<u>562.861</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur							
Eignarhl. í hlutdeildar- og dótturfél.	10	7.573.976	7.573.976	7.573.976	1.329.349	1.329.349	1.329.349
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	389.866	540.704	540.704	419.101	571.834	571.834
Skuldabréf	11	5.891.192	5.813.269	5.813.269	5.891.192	5.820.772	5.820.772
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki		823.396	813.596	813.596	0	0	0
Langtímakröfur SpKef	12	2.489.715	2.782.176	2.782.176	2.489.715	2.782.176	2.782.176
		<u>17.168.145</u>	<u>17.523.720</u>	<u>17.523.720</u>	<u>10.129.358</u>	<u>10.504.131</u>	<u>10.504.131</u>
Fastafjármunir		<u>32.585.301</u>	<u>33.161.805</u>	<u>21.042.143</u>	<u>49.098.756</u>	<u>49.466.824</u>	<u>35.820.593</u>
Veltufjármunir							
Skammttímakröfur							
Birgðir	13	0	0	0	338.280	317.407	317.407
Óinnheimtar tekjur	14	1.201.201	1.088.496	1.088.496	1.938.705	1.726.727	1.726.727
Aðrar skammttímakröfur	15	248.220	820.064	820.064	342.506	1.129.562	1.129.562
Kröfur á tengd félög	24	1.202.406	844.119	844.119	168.430	227.178	227.178
Næsta árs og gjaldf. afb. skuldabr.eignar	11,12	39.833	58.332	58.332	36.345	56.120	56.120
		<u>2.691.660</u>	<u>2.811.011</u>	<u>2.811.011</u>	<u>2.824.266</u>	<u>3.456.994</u>	<u>3.456.994</u>
Handbært fé							
Bankainnstæður og sjóður.....	15	15.290	337.266	337.266	203.870	794.484	794.484
		<u>15.290</u>	<u>337.266</u>	<u>337.266</u>	<u>203.870</u>	<u>794.484</u>	<u>794.484</u>
Veltufjármunir		<u>2.706.950</u>	<u>3.148.277</u>	<u>3.148.277</u>	<u>3.028.136</u>	<u>4.251.478</u>	<u>4.251.478</u>
Eignir		<u>35.292.251</u>	<u>36.310.081</u>	<u>24.190.420</u>	<u>52.126.892</u>	<u>53.718.302</u>	<u>40.072.071</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	2,8						

31. desember 2010

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti		
		31.12.2010	01.01.2010	31.12.2009	31.12.2010	01.01.2010	31.12.2009
Eigið fé							
Eigið fé	16	6.730.267	6.249.218	10.108.248	5.835.816	5.671.960	8.004.422
		6.730.267	6.249.218	10.108.248	5.835.816	5.671.960	8.004.422
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	0	2.917.027	2.841.781	2.841.781
		6.730.267	6.249.218	10.108.248	8.752.843	8.513.741	10.846.202
Skuldir og skuldbindingar							
Skuldbindingar							
Lífeyrisskuldbinding	17	2.480.766	2.457.603	2.457.603	2.628.403	2.588.589	2.588.589
Tekjuskattsskuldbinding	18	0	0	0	756.079	625.625	625.625
		2.480.766	2.457.603	2.457.603	3.384.482	3.214.214	3.214.214
Langtímaskuldir							
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	19	0	1.094.187	1.094.187	0	1.094.187	1.094.187
Skuldir í íslenskum krónum	19	4.937.534	5.163.946	5.163.946	16.910.373	17.300.871	17.300.871
Fjármagnstekjuskattur	20	840.343	923.844	923.844	840.343	923.844	923.844
Fyrirfram innheimtar tekjur.....	21	0	0	0	584.651	607.284	607.284
Leigusamningar.....	22	14.595.880	15.878.223	0	14.595.880	15.878.223	0
		20.373.757	23.060.200	7.181.977	32.931.247	35.804.409	19.926.186
Skammtímaskuldir							
Skuldir við lánastofnanir.....		163.594	0	0	615.259	701.653	701.653
Viðskiptaskuldir	23	227.082	234.799	234.799	524.150	552.087	552.087
Skuldir við tengd félög.....	24	373.942	243.212	243.212	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	23	1.576.528	1.254.955	1.254.955	1.977.713	1.503.871	1.503.871
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	23	3.366.315	2.810.095	2.709.626	3.941.198	3.428.327	3.327.857
		5.707.461	4.543.060	4.442.591	7.058.320	6.185.938	6.085.469
Skuldir og skuldbindingar		28.561.984	30.060.863	14.082.171	43.374.049	45.204.561	29.225.869
Eigið fé og skuldir		35.292.251	36.310.081	24.190.420	52.126.892	53.718.302	40.072.071

Veðsetningar og ábyrgðarskuldb. 25

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið a og b hluti	
	2010	2009	2010	2009
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða ársins	639.714	7.684.643	322.521	6.315.294
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:				
Afskriftir varanlegra rekstrarfjárm. 8,9	278.299	77.553	936.266	445.874
Aðrar afskriftir	143.027	193.699	147.801	204.733
Virðisrýrnun	0	0	0	140.126
Söluhagn. varanlegra rekstrarfjárm.	(81.438)	(70.646)	(91.570)	(121.652)
Söluhagnaður hlutabréfa	0	(11.077.064)	0	(10.286.541)
Verðbætur og gengismunur	(1.268.740)	454.334	(874.890)	1.129.720
Innlausn affalla skuldabréfaeignar	(74.304)	0	(74.304)	0
Hlutdeildartekjur að frádr. arðstekjum	0	0	0	(197.437)
Breyting lífeyrisskuldbindinga 17	86.307	154.395	102.958	147.501
Aðrir liðir	0	0	237.290	3.694
Hreint veltufé frá (til) rekstrar	(277.136)	(2.583.087)	706.070	(2.218.688)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:				
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	(20.873)	76.181
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(133.628)	(48.025)	(120.422)	77.544
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	593.200	(116.157)	665.873	45.313
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	230.356	901.700	544.287	933.787
Skammtímalíðir á b - hluta fyrirtæki	(227.557)	(511.391)	0	0
Handbært fé frá (til) rekstrar	185.236	(2.356.960)	1.774.935	(1.085.863)
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum ..	(552.218)	(1.311.553)	(1.448.567)	(2.661.162)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	72.490	70.871	78.683	181.589
Fjárfesting og sala á eignarhl. í félögum	(142)	1.874.900	(142)	1.874.900
Breyting langtímakröfu	292.460	90.974	294.355	90.974
Afborgun langtímakrafna	22.725	22.725	22.725	22.725
Ný skuldabréfaeign og aðrar kröfur	0	0	0	(1.550)
Afborganir skuldabréfaeignar	16.201	12.727	13.515	9.787
	(148.484)	760.644	(1.039.430)	(482.738)
Fjármögnunarhreyfingar				
Skammtímalán	163.594	(123)	(86.394)	575.323
Greiddur arður	0	0	(31.589)	0
Fjármagnstekjuskattur	0	923.844	0	923.844
Nýjar langtímaskuldir	367.847	1.345.775	824.847	1.685.775
Endurkaup á skuldabréfaútgáfu	0	0	(708.912)	0
Afborganir langtímaskulda	(827.026)	(531.841)	(1.260.926)	(1.183.394)
Niðurgreiðsla lífeyrisskuldbindinga	(63.144)	(59.847)	(63.144)	(59.847)
	(358.728)	1.677.809	(1.326.119)	1.941.702
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(321.976)	81.493	(590.614)	373.101
Handbært fé í upphafi árs	337.266	255.773	794.484	421.383
Handbært fé í lok árs	15.290	337.266	203.870	794.484

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustustöð.

Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Reykjaneshöfn, Fasteignir Reykjanesbæjar ehf., Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf. og HS Veitur hf.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir bæjarsjóð og samantekinn ársreikning fyrir a og b hlutana.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Reykjanesbæjar er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Ársreikningur bæjarsjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til aðalsjóðs, eignasjóðs og þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda bæjarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Evra (EUR)	161,88	172,66	154,23	180,38
Bandaríkjadalur (USD)	122,04	123,59	115,32	125,20
Svissneskur franki (CHF)	117,23	114,32	123,25	121,60
Japanskt jen (JPY)	1,3920	1,3200	1,4184	1,3555

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninga þeirra félaga sem eru skattskyld. Útreikningur byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneytis eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti.

Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1 sem fjallar um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhald og reikningsskilum sveitarfélaga. Þar kemur fram að sveitarfélag skuli færa inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðast út frá fjárhæð skuldbindingar þegar samningar voru gerðir að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamninga skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þeirra þegar samningur var gerður.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis en þó eigi hærri verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 til 50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi	25 til 50 ár
Veitukerfi.....	50 ár
Hafnarmannvirki	7 til 25 ár
Lóðsbátur	12 ár
Aðrar eignir.....	3 til 8 ár

Óefnislegar eignar

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisýrnum. Þróunarkostnaður er ekki afskrifaður línulega.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist

Nýtingarréttur.....	35 ár
---------------------	-------

Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 hafa eignarhlutar bæjarsjóðs í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi bæjarsjóðs eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi bæjarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu bæjarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir bæjarsjóðs í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Hlutdeildarfélag eru félag þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarféлага. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar eða endurmetið í samræmi við Álit 2 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Fjárfesting í lausafjármunum og gagnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Viðskipta- og skammtímakröfur

Viðskipta- og skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Viðskipta- og skammtímaskuldir

Viðskipta- og skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreikningsins

Skrá yfir ábyrgðir sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu nr. 25.

Skýringar

3. Breyting á reikningsskilaaðferðum

Færsla leigusamninga

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1 sem fjallar um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en þriggja ára. Auk þess færir sveitarfélagið meðal langtímaskulda skuldbindingu vegna leigusamninganna. Uptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við 1. janúar 2010 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitid eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eiginfjárreikning 1. janúar 2010 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 6.723 milljónir króna vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðaðist við 1. janúar 2010 og eru lóðir og lendum sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 2.863,9 milljónir króna. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2010	Fjárhags- áætlun 2010	2010	Fjárhags- áætlun 2010
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	4.062.547	4.155.000	4.062.547	4.155.000
Fasteignaskattur.....	715.106	725.000	668.374	725.000
Lóðarleiga.....	134.189	135.000	134.189	135.000
	4.911.842	5.015.000	4.865.110	5.015.000
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Þjónustuframlag.....	389.843	390.000	389.843	390.000
Framlag vegna fasteignagjalda.....	228.678	220.000	228.678	220.000
Almennt grunnskólaframlag.....	230.236	215.000	230.236	215.000
Framlag vegna tryggingagjalds.....	49.470	40.000	49.470	40.000
Framlag vegna sérþarfa barna.....	68.760	70.000	68.760	70.000
Framlag vegna nýbúa.....	17.050	15.000	17.050	15.000
	984.037	950.000	984.037	950.000
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	1.225.429	1.124.525	5.615.029	5.845.305
Eignatekjur.....	26.677	9.660	242.401	210.885
Söluhagnaður fastafjármuna.....	81.438	75.000	91.570	75.000
	1.333.545	1.209.185	5.949.000	6.131.190
Rekstrartekjur samtals.....	7.229.424	7.174.185	11.798.147	12.096.190
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		13,28%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,268%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land.....		1,65%		
Fasteignaskattar - skólar, leikskólar, íþróttahús, sjúkrastofnanir ofl.....		1,32%		

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2010	Fjárhags- áætlun 2010	2010	Fjárhags- áætlun 2010
Laun.....	2.679.072	2.758.752	2.744.124	2.818.044
Launatengd gjöld.....	595.634	561.007	609.526	579.145
Laun og launatengd gjöld samtals.....	3.274.706	3.319.759	3.353.650	3.397.189
Stöðugildi í árslok 2010.....	603,00		611,50	
Starfsmannafjöldi í árslok 2010.....	751,00		759,50	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 39,5 milljónum króna á árinu 2010.

Laun og þóknanir til stjórnenda B-hluta félaga námu um 20,6 milljónum króna á árinu 2010.

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2010	Fjárhags- áætlun 2010	2010	Fjárhags- áætlun 2010
Vaxta og verðbótatekjur langtímakrafna.....	317.095	460.000	317.095	460.000
Vaxtatekjur aðrar.....	229.978	168.000	286.911	213.600
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður.....	73.300	75.000	9.889	75.000
Afföll skuldabréfaeignar.....	74.304	0	74.304	0
	694.677	703.000	688.198	748.600
Vextir og verðbætur langtímalána	(1.214.436)	(1.250.758)	(2.376.550)	(3.004.181)
Gengismunur langtímalána	1.352.671	600.000	1.352.466	600.000
Önnur vaxtagjöld.....	(114.912)	(130.000)	(119.931)	(130.000)
Reikningshaldsleg niðurfærsla hlutabréfaeignar.....	(150.980)	0	(150.980)	0
	(127.657)	(780.758)	(1.294.995)	(2.534.181)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	567.020	(77.758)	(606.796)	(1.785.581)

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....	0	5.895.879	5.895.879	5.965.000
Félagsþjónusta.....	899.418	360.709	(538.709)	(554.520)
Fræðslu- og uppeldismál.....	3.303.703	259.873	(3.043.830)	(3.050.662)
Menningarmál.....	216.276	42.006	(174.270)	(196.175)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	717.841	201.799	(516.042)	(475.605)
Brunamál og almannavarnir.....	133.564	0	(133.564)	(133.600)
Hreinlætismál.....	192.698	183.374	(9.324)	(9.100)
Skipulags- og byggingarmál.....	131.164	5.254	(125.910)	(132.155)
Umferðar- og samgöngumál.....	272.032	81.732	(190.301)	(180.730)
Umhverfismál.....	63.617	0	(63.617)	(98.070)
Atvinnumál.....	113.778	12.930	(100.848)	(101.241)
Framlög til B-hluta stofnanir.....	45.915	0	(45.915)	(46.000)
Sameiginlegur kostnaður.....	457.969	73.346	(384.623)	(532.075)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	86.307	0	(86.307)	(150.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	339.183	694.677	355.494	(77.758)
Aðalsjóður samtals.....	6.973.465	7.811.577	838.112	227.309
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	213.531	108.116	(105.415)	(374.743)
Þjónustustöð.....	97.391	4.407	(92.983)	(52.315)
Bæjarsjóður samtals.....	7.284.387	7.924.100	639.714	(199.749)
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta stofnanir:				
Fráveita Reykjanesbæjar.....	134.263	267.526	133.263	72.780
Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.....	323.270	205.422	(117.848)	(96.500)
HS Veitur hf.....	3.949.270	4.270.564	321.294	274.700
Reykjaneshöfn.....	642.034	204.435	(437.600)	(629.839)
Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf.....	20.253	4.898	(15.355)	0
	5.069.090	4.952.845	(116.245)	(378.859)
Hlutdeildarfærslur.....	0	(63.411)	(63.411)	(75.000)
Hlutdeild minnihluta.....	0	(106.836)	(106.836)	(91.342)
Afskrift yfirverðs vegna eignarhlutur í HS Veitum hf.....	30.701	0	(30.701)	(30.701)
Samantekt samtals.....	12.384.178	12.706.699	322.521	(775.651)

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Bæjarsjóður

	Leigðar eignir	Fasteignir og byggingaland	Götur og veitukerfi	Tæki og bifreiðar	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	0	1.741.678	2.169.046	43.015	3.953.739
Afskrifað áður	0	(296.674)	(127.245)	(11.398)	(435.316)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	0	1.445.005	2.041.802	31.617	3.518.423
Breyting vegna Álits 1.....	10.096.623	0	0	0	10.096.623
Breyting vegna Álits 1 - afskrift.....	(840.888)	0	0	0	(840.888)
Breyting vegna Álits 2.....	0	2.863.927	0	0	2.863.927
Bókfært verð 1.1.2010.....	9.255.735	4.308.932	2.041.802	31.617	15.638.085
Viðbót á árinu.....	102.255	108.195	280.286	5.270	496.006
Selt á árinu	0	0	0	(190)	(190)
Bakfærður samningur.....	0	(438.446)	0	0	(438.446)
Afskrifað á árinu	(203.778)	(27.475)	(41.241)	(5.805)	(278.299)
Bókfært verð í árslok.....	9.154.212	3.951.206	2.280.846	30.892	15.417.156

Samantekið

	Fasteignir og leigðar eignir	Götur og veitukerfi	Hafnar-mannvirki	Tæki, bifreiðar og lóðsbátur	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	4.740.368	19.724.904	2.553.646	164.600	27.183.517
Afskrifað áður	(582.410)	(1.377.420)	(377.716)	(92.370)	(2.429.916)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	4.157.958	18.347.484	2.175.930	72.229	24.753.601
Breyting vegna Álits 1.....	10.096.623	0	0	0	10.096.623
Breyting vegna Álits 1 - afskrift.....	(840.888)	0	0	0	(840.888)
Breyting vegna Álits 2.....	3.298.064	0	0	0	3.298.064
Sérstakt endurmat.....	1.092.432	0	0	0	1.092.432
Bókfært verð 1.1.2010.....	17.804.189	18.347.484	2.175.930	72.229	38.399.832
Viðbót á árinu.....	431.729	928.690	137.656	15.578	1.513.654
Selt á árinu	(118.949)	(12.833)	0	(455)	(132.237)
Bakfærður samningur.....	(438.446)	0	0	0	(438.446)
Afskrifað á árinu	(333.016)	(541.132)	(35.651)	(9.911)	(919.711)
Bókfært verð í árslok.....	17.345.506	18.722.210	2.277.935	77.442	38.423.092

Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Bæjarsjóður			
Tónlistarskólar.....	26.820	70.200	22.631
Gæsluvellir.....	29.750	47.070	9.159
Iðnaðar- og sérhæfð húsnæði og aðrar eignir.....	446.284	918.240	620.010
Byggingaland.....	0	0	3.299.406
Leigðar eignir.....	4.288.696	10.676.070	9.154.212
	4.791.550	11.711.580	13.105.417
Samantekið			
Fasteignir bæjarsjóðs sbr. skýringu hér að ofan	4.791.550	11.711.580	13.105.417
Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.	3.108.501	4.329.222	2.983.526
Framkvæmdasjóður aldraðra Reykjanesbæ	86.020	231.970	40.998
HS Veitur hf.....	1.189.000	8.927.000	552.569
Reykjaneshöfn	31.638	77.800	466.461
Próunarsjóður Reykjanesbæjar hf.....	184.010	413.720	196.535
	9.390.719	25.277.572	17.345.506

Skýringar

8. Fastafjármunir (framhald)

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar

Í febrúar 2009 gerði Reykjanesbær samkomulag við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. um uppbyggingu byggðar á Ásbrú vegna yfirtöku sveitarfélagsins á grunnkerfum og stjórnáslu svæðisins. Samkvæmt samkomulaginu eignast Reykjanesbær gatna-, stíga- og holræsakerfi á svæðinu en ekki land það sem kerfin liggja um eða á. Reykjanesbær greiðir ekkert fyrir þessar eignir en fær hins vegar greiddar 250 milljónir króna á næstu árum vegna lagfæringa á grunnkerfum svæðisins.

Ásbrú er með yfir 2000 íbúðir og hundruðir atvinnuhúsnæða. Framangreint gatna-, stíga- og holræsakerfi hefur ekki verið fært til eignar í ársreikningi en umsjón og viðhald er á ábyrgð Reykjanesbæjar og því gjaldfært í ársreikningi. Samkvæmt skýrslu Línuhönnunar frá janúar 2008 nemur verðmæti gatna- stíga- og holræsakerfis 2.899,6 milljónum króna (núvirt miðað við janúar 2008). Allar tekjur sem hljótast af svæðinu til framtíðar s.s. vegna gatnagerðargjalda verða því hreinar tekjur fyrir bæjarsjóð.

Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.

Í ársbyrjun nýttu Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. heimild 31. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga til sérstaks endur mats fasteigna. Í heimildinni segir að ef markaðsverð fastafjármuna sé talið verulega hærra en bókfært verð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar sé heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi til markaðsverðs. Endurmatið fólst í að hækka bókfært verð húsnæðis til samræmis við 90% af fasteignamatsverði þeirra. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins er fasteignamat gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði haft í kaupum og sölum í febrúar mánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignar á hverjum tíma. Með hliðsjón af aðstæðum á markaði í kjölfar fjármálakreppu þótti rétt að gæta varúðar við endurmat eignanna og miða við 90% af fasteignamati vegna lítillar hreyfingar á markaðnum síðastliðin 2 ár. Þetta sérstaka endurmat nam samtals 1.092,4 milljónum króna og er fært á sérstakan endur matsreikning meðal eigin fjár.

Fasteignamat eigna í Reykjanesbæ hefur lækkað á árinu 2010 en bókfært verð íbúða í eigu félagsins er lægra en fasteignamat þeirra í árslok 2010 þannig að ekki þykir ástæða til að lækka sérstakt endurmat eignanna.

9. Óefnislegar eignir

	Nýtingar- réttur	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	579.070	579.070
